

11. Skuldaskilareikningur	kr.	4 705 500.00
12. Útibú á Akureyri	—	505 244.55
13. Útibú á Hellu	—	91 073.90
14. Austurbæjarútibú	—	102 637 690.78
15. Miðbæjarútibú	—	17 429 335.86
16. Vesturbæjarútibú	—	15 093 295.59
17. Samþ. vixlar í Seðlabanka	—	36 006 000.00
18. Vextir og aðrar tekjur:		
a. Sparisjóðsdeild	kr.	23 262 042.54
b. Stofnlánadeild	—	17 934 171.26
		— 41 196 213.80
19. Fyrirfram greiddir vextir	—	2 740 521.00
20. Skuldlaus eign:		
a. Sparisjóðsdeild	kr.	29 053 186.07
b. Veðdeild	—	10 240 843.55
c. Stofnlánadeild	—	34 555 185.11
		— 73 849 214.73
		Kr. 1 516 701 372.31

20. ágúst.

Nr. 187.

BRÁÐABIRGÐAREGLUR

um greiðslu launaskatts, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu og verktakasamninga.

1. gr.

Hver sá, sem tekur að sér framkvæmd verks á eigin ábyrgð, svo sem skipasmíðar, húsbýggingar og aðrar mannvirkjagerðir, skal standa skil á launaskatti, bæði vegna launa hans sjálfs, ef um persónulegan aðila er að ræða, og þeirra manna, er hann greiðir kaup.

Í þeim tilfellum þar sem vafi kann að leika á, hvort um var að ræða verksamning eða vinnusamning, skal sá aðilinn, sem á að greiða tryggingaiðgjöld vegna launþega skv. 28. gr. og 40. gr. laga nr. 40/1963, standa skil á launaskatti af launum þeirra manna, sem hann greiðir tryggingaiðgjöld fyrir.

2. gr.

Sá, sem lætur vinna eftir ákvæðisvinnutaxta, eða greiðir með aflahlut, skal standa skil á launaskatti af þeim launum, sem þannig eru ákveðin.

Bráðabirgðareglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 53 30. júní 1964, öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1964.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.